

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 88/2003**

**frá 11. júlí 2003**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2003 frá 20. júní 2003 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1918/2002 frá 25. október 2002 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1788/2001 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæðanna er varða skoðunarvottorð vegna innflutnings frá þriðju löndum skv. 11. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1788/2001) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 1918:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1918/2002 frá 25. október 2002 (Stjtið. EB L 289, 26.10.2002, bls. 15).“

*2. gr.*

Texti reglugerðar (EB) nr. 1918/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 257, 9.10.2003, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 51, 9.10.2003, bls. 11.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 289, 26.10.2002, bls. 15.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 12. júlí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. júlí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*Prins Nikulás af Liechtenstein*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.